



MINNISBLAÐ

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um niðurgreiðslur vegna dagforeldra

Á fundi borgarráðs þann 14. maí 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að niðurgreiðsla vegna dagforeldra miðist við afmælimánuð barns en ekki afmælisdag. Það er, niðurgreiðslan miðist við mánuðinn sen barn er níu mánaða, sex mánaða hjá einstæðu foreldri, en ekki afmælisdag barnsins. Fordæmi eru fyrir þessu í öðrum sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur sem miða niðurgreiðslu vegna dagforeldris við fæðingarmánuð barns en ekki fæðingardag. Að miða niðurgreiðslu við fæðingardag er ósanngjarnt. Foreldrar þeirra barna sem fædd er seint og jafnvel síðastu daga mánaðar sitja ekki við sama borð og foreldrar barna sem eru fæddir fyrir í mánuðinum. Samkvæmt þessari tillögu skulu framlög heffast í þeim mánuði sem barn er 9 mánaða en ekki skal miða við afmælisdag barns. Ástæða er sú að ef barn er fætt seint í mánuðinum fá foreldrar enga niðurgreiðslu á þeim mánuði. Um þetta munar hjá langflestum foreldrum.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur gert kostnaðarmat ef gerð yrði sú breyting að miðað verði við afmælimánuð í stað afmælisdags.

Miðað er við árið 2020 janúar til desember, júlí er undanskilinn svo þetta eru 11 mánuðir, dreifing er skv. töflu:

	Fjöldi barna
jan.20	9
feb.20	8
mar.20	9
apr.20	0
maí.20	2
jún.20	6
ágú.20	27
sep.20	25
okt.20	23
nóv.20	10
des.20	11
	130

Eins og taflan sýnir eru flest börn að fá pláss hjá dagforeldri að hausti, á tímabilinu ágúst til október.

Árlegur kostnaður við breytinguna væri 4,3 milljónir ($130 * 66.472/2 * 11$ mán.) á ári miðað við að greiða þurfi fyrir að meðaltali hálfum mánuði lengur fyrir hvert barn.

Kostnaður við breytingar í Völu innritunarkefi er skv. tilboði 220.000 kr. og er því heildarkostnaður 4,5 milljónir fyrsta árið.

Upplýst er um að almennt er miðað við afmælisdag barna þegar kemur að reglum um leikskólaþjónustu og framlögum til sjálfstætt rekinna leikskóla.